

1289. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. mars 2026, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Stymir Jökull Einarsson, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Gestir fundarins: Oddur Gunnar Jónsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs VR, Valgerður Kristjánsdóttir og Íris Þrúður Ólafsdóttir, endurskoðendur frá PricewaterhouseCoopers, og Sveinn Enok Jóhannsson, félagslega kjörinn skoðunarmaður reikninga VR.

Næsti fundur: 15. apríl 2026.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund og bauð fólk velkomið. Hún bauð endurskoðendur PricewaterhouseCoopers velkomna sem og sviðsstjóra fjármála- og rekstrarsviðs VR og félagslega kjörinn skoðunarmann reikninga og voru þau á fundinum þegar fjallað var um ársreikning VR fyrir árið 2025. Að því loknu yfirgáfu þau fundinn um kl. 18:30.

1. Fundargerð 1288. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1288. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. Ársreikningur 2025

Fyrir fundinum lágu skjölin „2.0 Ársreikningur VR árið 2025 – stjórn 11 mars 2026“, „2.1 Rekstur VR 2025 – samanburður áætlun“, „2.2 Lykiltölur VR árið 2025“ og „2.3 Kynning á ársreikningi VR 2025“ til kynningar og samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir ársreikning VR fyrir árið 2025 á glærum.



Vorið 2025 sameinuðust VR og Leiðsögn – félag leiðsögumanna og er rekstur þess síðarnefnda að fullu inni í ársreikningi 2025 en samanburðarfjárhæðir 2024 eru eingöngu fyrir rekstur og efnahag VR. Sameiningin hefur óveruleg áhrif á ársreikninginn.

Félagsfólki VR fjölgaði á árinu um 0,1%, en fullgildum félögum fjölgaði um 5,8% Félagsfólki hefur fjölgað á síðustu sjö árum um 11% eða um 4 þúsund. Hefðbundin afgreiðsla á skrifstofum félagsins og í gegnum síma hefur dregist saman en aukning er í rafrænni þjónustu.

Á árinu 2025 hækkuðu rekstrartekjur félagsins um 478 m.kr. eða 7,4% en rekstrargjöld um 422 m.kr. eða 6,4%. Matsbreyting vegna VR Blævar íbúðafélags var 261 m.kr. Heildarafkoma ársins 2025 er jákvæð um 1.337 m.kr. en án matsbreytingar og söluhagnaðar væri afkoma 967 m.kr. sem er 88 m.kr. betri afkoma en árið áður og jafnframt sú besta sem náðst hefur. Rekstrarniðurstaða síðustu sjö ára hefur verið jákvæð um 5,9 ma.kr. og um 700 m.kr. án fjármagnsliða.

Raunávöxtun verðbréfasafns batnar á milli ára um 0,9% og bætir VR Blær raunávöxtun um 1,2%. Fimm ára nafnavöxtun er jákvæð um 5,4% en raunávöxtun er neikvæð um 0,4% á sama tíma. Eignir hafa aukist um 5,7 ma.kr. á sjö árum eða 39%. Eiginfjárhlutfall félagsins er 83%.

Nýting orlofshúsa félagsins var mjög góð á árinu 2025 eða 75,2%, þrátt fyrir að gistinætur í boði hafi verið færri á árinu vegna lokana á orlofshúsasvæðum í Miðhúsum og Ölfusborgum vegna endurnýjunar stofnlagna. Fjöldi gistinátta ár árinu var þannig 24.600 en var 25.787 á árinu 2024.

Afkoma Sjúkrasjóðs VR hefur verið neikvæð síðustu fjögur ár og var neikvæð um 124 m.kr. á árinu 2025. Hlutfall dagpeninga af iðgjöldum í sjóðinn hækkar enn, er nú 91%. Hlutfallið hefur hækkað fjögur ár í röð og er nú nánast það sama og það var árið 2019 þegar réttur til dagpeninga var stytur úr níu mánuðum í sjö. Vegna stöðu Sjúkrasjóðs er lagt til að framlag sjóðsins til VR varasjóðs verði 300 m.kr. í stað 750 m.kr. eins og starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar frá desember 2025 gerði ráð fyrir. Félagssjóður leggi í VR varasjóð 450 m.kr.

Þá benti Stefán stjórnarfólki á að skýrsla stjórnar sé nú mun ítarlegri en áður hefur verið og sérkafli um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Umræður

3. Skýrsla endurskoðenda vegna ársreiknings 2025

Fyrir fundinum lá skjalið „3.0 Endurskoðunarskýrsla VR 2025“ til kynningar.

Halla bauð Valgerði Kristjánsdóttur, endurskoðanda frá PwC, að fara yfir skýrslu endurskoðenda.

Valgerður þakkaði stjórn og starfsfólki fjármála- og rekstrarsviðs fyrir gott samstarf við endurskoðun reikninga félagsins. Hún sagði ársreikninginn í samræmi við lög um ársreikninga og að endurskoðendur gerðu ráð fyrir að árita ársreikning félagsins með fyrirvaralausri áritun þegar stjórn félagsins hefur samþykkt ársreikninginn.

Endurskoðendur reikninga félagsins gera kannanir og prófanir árlega, sagði Valgerður. Þeir skilgreina verulegar áhættur og áhættuliði og fjalla um innra eftirlit sem er meðal mikilvægustu verkefna stjórnar og stjórnenda félagsins. Matskenndir liðir eru skilgreindir sem áhersluatriði sem og sviksemisáhætta.

Endurskoðun varðandi mögulega sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti og sviksemi leiddi ekki í ljós frávik og var án verulegra athugasemda. Hvað varðar matskennda liði benti Valgerður á að stefna VR í fjárfestingum sé varfærin, félagið er ekki í áættufjárfestingum. Endurskoðendur bentu á að innlán að upphæð 711 m.kr. hafi verið flokkuð með verðbréfum en mat PwC er að þau eigi að flokka með öðru handbæru fé. Slík flokkunarskekkja sé hins vegar ekki áhætta.

Valgerður ræddi um innra eftirlit og benti á veikleika vegna aðgreiningar starfa. Endurskoðendur mæla með að stjórnendur yfirfari með reglubundnum hætti aðgang starfsfólks að fjárhagsbókhalda og bankareikningum með tilliti til þess hvort þeir séu nauðsynlegir og viðeigandi. Þá leggja endurskoðendur til að félagið fari í formlega skoðun á upplýsingakerfum félagsins.

Umræður

4. Skýrsla skoðunarmanna VR

Fyrir fundinum lá skjalið „4.0 Skýrsla skoðunarmanna VR“ til kynningar.

Félagslega kjörnir skoðunarmenn eru tveir og mætti annar þeirra á fundinn, Sveinn Enok Jóhannsson. Halla kynnti Svein sem fór yfir mat skoðunarmanna á á störfum stjórnar. Skoðunarmenn fjalla m.a. um helstu atriði sem fram koma í fundargerðum stjórnar og stjórnargögnum sem og álitafni innan stjórnar. Sveinn benti á að hluti vinnu stjórnar fari fram utan stjórnarfunda, bæði undirbúningur og umræða.

Sveinn sagði árið 2025 hafa einkennst af stórum málum og breytingum í stjórn. Mikil og virk umræða hafi átt sér stað kjaramál og starfsemi félagsins og nokkur hitamál sem tekin voru til umræðu. Sveinn nefndi m.a. starfslokagreiðslu fyrrverandi formanns félagsins og benti á í tengslum við það mikilvægi skýrra verkferla og upplýsingagjafar. Hann ræddi einnig kosningar um styrkjafyrirkomulag sem fram fóru síðari hluta ársins meðal félagsfólk eftir umræður í stjórn.

Miklar umræður voru í stjórn um stöðu efnahagsmála. Stjórn hafi m.a. rætt áhrif af hagræðingartillögum stjórnvalda á stöðu launafólks. Það sé mikilvægt að hreyfingin ræði slík mál og fylgist vel með þróun efnahagsmála.

Sveinn sagði að árið 2025 hafi verið umfangsmikið og framundan séu einnig stór verkefni sem stjórn þarf að takast á við sem snúa að þróun félagsins og þjónustu við félagsfólk.

Umræður

Að umræðum loknum var ársreikningurinn lagður í atkvæðagreiðslu fundarins og samþykktur samhljóða. Hann var því næst sendur til rafrænnar undirritunar og lauk stjórn við að undirrita á fundinum.

5. Upplýsingar frá formanni

Halla ræddi stöðu kjarasamninga undir þessum lið. Kjaramálanefnd félagsins fundaði í liðinni viku þar sem farið var yfir þróun verðbólgu og verðbólguþá VR. Halla sagði ljóst að forsendur kjarasamninga muni ekki halda nema mikið breytist, óháð hækkun olíuverðs vegna átakanna í Mið-Austurlöndum. VR hefur þegar hafið undirbúning fyrir næstu kjaraviðræður, yfirfarið síðustu samninga og undirbúið reglur viðræðunefndar, en á eftir að taka umræðu um afstöðu félagsins verði forsendubrestur. Aðilum vinnumarkaðar ber að kanna möguleikana á því að treysta forsendur samninga til að þeir haldi en Halla kvaðst ekki bjartsýn á það. VR hefur rætt við iðnaðarmenn um stöðu mála og nálgun fyrir haustið, og verður því samtali haldið áfram. Samhljómur er með okkur.

Í liðinni viku var fundur formanna landssamband og stærstu aðildarfélaga ASÍ og hittir hópurinn ráðherra á morgun [12.03.2026] að beiðni Höllu. Hún vonist til að hægt verði að ræða loforð sem launafólki voru gefin í síðustu kjarasamningum en um húsnæðismálin er full samstaða innan verkalyðshreyfingarinnar.

Þá minnti Halla á kauptaxtaauka sem tekur gildi þann 1. apríl næstkomandi en hann skýrist af því að launavísitala á almennum markaði hækkaði umfram taxtahækkanir viðmiðunartaxtans á öðru ári stöðugleikasamningsins.

Atvinnuleysi meðal félagsfólks hefur aukist, sagði Halla þó það sé ekki eins mikið og víða annars staðar. Fleiri karlar en konur eru atvinnulausir og langmesta atvinnuleysið er meðal erlendra á vinnumarkaði eða meira en 10%. Það skýrist m.a. af störfum sem erlent launafólk gegnir, í ferðaþjónustu og byggingageira. Aukið atvinnuleysi og há verðbólga geta verið merki um kreppuverbólgu (e. stagflation) og gæti raungerst hér ef Seðlabankinn keyrir á stýrivexti sem eina tækið í baráttunni við verðbólguna.

Umræður

Halla ræddi því næst nýafstaðið málþing Félags atvinnurekenda um veikindarétt. Fundurinn var fjölsóttur og umræða góð og gagnleg. Halla sagði VR tilbúið til málefnalegra umræðna við atvinnurekendur um veikindaréttinn.

Þá benti Halla á skýrslu Neytendasamtakanna um tryggingamarkaðinn en VR var bakhjarl þess verkefnis. Skýrslan leiddi m.a. í ljós að ekki sé skortur á samkeppni á sviði skyldutrygginga en verið sé að ofrukka fyrir slysa- og veikindatryggingar.



Þá sagði Halla frá því að Birgitta Ragnarsdóttir stjórnarkona hafi verið skipuð í jafnréttisnefnd ASÍ í stað Diljár Ámundadóttur sem sagði sig úr stjórn VR á fundi hennar í desember 2026. Látst hafi að taka það fyrir á síðasta fundi en hafi stjórnarfolk athugasemdir sé ljúft og skylt að taka við þeim.

Viðræður halda áfram við Icelandair vegna athugasemda VR við vaktamál hjá starfsfólki í farþegaþjónustu í Keflavík. Halla sagði hreyfingu vera á málinu og vonir standi til að hægt verði að ná niðurstöðu sem hægt verði að kynna fyrir starfsfólki. Einnig er kjaramálasvið í samskiptum við fyrirtækið Heinemann sem sér um fríhöfnina á Keflavíkurflugvelli til að leita leiðréttinga á launakjörum VR félagsfólks hjá fyrirtækinu.

Í samráðsgátt stjórnvalda liggja drög að frumvarpi um breytingar í umhverfi lífeyrissjóða þar sem opna á frekar á fjárfestingarmöguleika sjóðanna. Í drögunum er einnig verið að leggja til breytingar þar sem fallið er frá skyldu lífeyrissjóða að taka tillit til áhrifa fjárfestinga á umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti og ákvæðið gert að heimild eingöngu. VR telur að þetta feli í sér veikingu á kröfum til lífeyrissjóða um ábyrgar fjárfestingar.

Þá fjallaði Halla um leikskólamál en barátta VR gegn umfangsmiklum breytingum á umhverfi leikskóla borgarinnar hefur skilað þeim árangri að hækkun leikskólagjalda er nú mun minni en Reykjavíkurborg lagði til, 6% - 50% í stað 43% - 180%. Hins vegar var samþykkt tekjutenging leikskólagjalda sem eykur jaðarskatta foreldra ungra barna. Það er ljóst að enn er deilt um þær breytingar sem sveitastjórnir eru nú að innleiða á leikskólastigi og VR og fleiri stéttarfélög hafa gagnrýnt harðlega.

Að lokum fjallaði Halla um Wolt sem nú er að færa út kvíarnar og sendast með fleiri vörur en áður. Það þýðir að sendlar fyrirtækisins að hluta eru að sinna VR störfum. Verkalýðshreyfingin hefur ekki brugðist nóg við þeirri ákvörðun Wolt að sendlar séu verktakar á launum undir lágmarkslaunum og sagði Halla mikilvægt að sett verði fram krafa um kjarasamning um þessi störf.

Umræður

Jennifer Schröder fór af fundi kl. 20:10.

6. Miðlægt vinnustaðaeftirlit ASÍ

Fyrir fundinum lágu skjölin „6.0 Umræða vinnumarkaðsnefndar ASÍ 16. febrúar 2026“ og „6.1 Miðlægt vinnustaðaeftirlit ASÍ“ til umræðu.

Halla rifjaði upp umræður um tillögur sem miða að því að vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna verði miðlægara, undir forystu ASÍ, en miðstjórn sambandsins hefur samþykkt þá nálgun. VR er hlynnt þessari breytingu, sagði Halla, hún sé til bóta fyrir vinnumarkaðinn. Nánari útfærslur um fjármögnun verkefnisins séu í vinnslu hjá ASÍ.

7. Aðalfundur VR

Fyrir fundinum lá skjalið „7.0 Aðalfundur VR 2026 Minnisblað stjórn“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir fyrirkomulag aðalfundar en farið var yfir helstu á síðasta fundi. Fyrirkomulag fundarins og tillögur fyrir fundinn eru sem hér segir:

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari:

Steinunn Böðvarsdóttir

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Tillaga að framlag í VR varasjóð verð 1.100 m.kr. Skipting milli sjóða: Félagssjóður 450 m.kr. Sjúkrasjóður 350 m.kr. og Orlofssjóður 300 m.kr.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að PWC sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2026.

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Þóru Skúladóttur Öfjörð og Svein Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn og Kristján Gísli Stefánsson sem varaskoðunarmann VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Samþykkt á stjórnarfundi 11. febrúar að tillaga stjórnar verði að stjórnarlaun verði kr. 81.612 sem er 5,40% hækkun

Tillögur um lagabreytingum:

Sjá minnisblað um tillögur að lagabreytingum sem stjórn samþykkti á stjórnarfundi 11. febrúar 2026.

Tillögur að breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR:

Tillögur á breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs sem stjórn samþykktir á stjórnarfundi 11. febrúar 2026.

Tillögur að breytingu á reglugerð VR varasjóðs:

Sjá tillögur að breytingu á reglugerð VR varasjóðs sem stjórn samþykkti á stjórnarfundi 11. febrúar 2026.

Tillögur að veitingu gullmerkja:

Tillaga að veita Auði Búadóttur, Sigurði Sigfússyni og Steinari J. Kristjánssyni gullmerki félagsins. Auður Búadóttir var starfsmaður VR í 26 ár, Sigurður Sigfússon sat í trúnaðarráði í 33 ár og í stjórn og varastjórn í 30 ár og Steinar J. Kristjánsson sat í stjórn og trúnaðarráði 1994-2010 eða í 16 ár.

Stefán benti á hækkun framlags í VR varasjóði úr 1.050 m.kr. í 1.100 m.kr. Þá sagði hann að bæta þyrfti við bráðabirgðaákvæði í tillögur að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs VR um að beina því til þings ASÍ að heimila VR að fella niður og hafna dagpeningum til félagsfólks sem hafnar snemmtækri íhlutun á fyrstu fjórum mánuðum dagpeningagreiðslna. VR muni ekki beita ákvæðinu fyrr en þing ASÍ hefur samþykkt breytingar á lögum sambandsins sem heimili slíkt.

Umræður

Að loknum umræðum var tillaga um innlögur í VR varasjóð lögð fyrir fundinn.

Samþykkt með einu mótatkvæði. Þórir Hilmarsson óskar eftir að bóka mótatkvæði á forsendum bágrar stöðu Sjúkrasjóðs VR en gert er ráð fyrir framlagi frá sjóðnum í VR varasjóð.

Þá var tillaga um bráðabirgðaákvæði í reglugerð Sjúkrasjóðs lögð fyrir fundinn.

Samþykkt samhljóða.

8. Starfsreglur launanevndar

Fyrir fundinum lá skjalið „8.0 Starfsreglur launanevndar“ til umræðu og afgreiðslu.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanevndar VR, fór yfir drög að starfsreglum nefndarinnar en hlutverk hennar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins sem og stjórnar.

Í umræðum var gerð athugasemd við 3 gr. Hæfis- og hæfniskröfur en greinin er svohljóðandi:

3. gr. Hæfis- og hæfniskröfur

3.1. Nefndarmenn skulu vera óháðir VR í störfum sínum og búa yfir eða afla sér þekkingar á launa- og starfskjaramálum.

Athugasemdin sneri að orðalagi varðandi óhæði stjórnarmanna og var samþykkt að fela skrifstofu að leggja til breytt orðalag á næsta fundi stjórnar. Starfsreglur nefndarinnar verða þá birtar í heild í fundargerð.

9. Starfslýsing og launakjör formanns VR

Undir þessum lið vék Halla Gunnarsdóttir formaður af fundi. Varaformaður VR, Ólafur Reimar Gunnarsson, tók við stjórn fundarins. Halla kom aftur inn á fundinn að umræðum loknum og tók þá við fundarstjórn að nýju.

Fyrir fundinum lá skjalið „9.0 Starfslýsing og launakjör formanns – minnisblað“ til umræðu og afgreiðslu.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar VR, fór yfir minnisblað um launakjör formanns og starfslýsingu. Málið var tekið til umræðu í launanefnd eftir að formaður óskaði eftir því að nefndin tæki til skoðunar umgjörð starfskjara formanns í heild sinni með það fyrir augum að tryggja gagnsæi og sanngirni í launakjörum. Þess var óskað að launanefnd ákvarði heildarlaun formanns fyrir starf sitt í þágu VR og taki formaður að sér önnur launuð störf á vegum verkalýðshreyfingarinnar komi þau til frádráttar eða renni til VR.

Karl. F. Thorarensen fór af fundi kl. 21:00.

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 21:25.

Í umræðum var óskað eftir breytingum á orðalagi og útreikningum. Þá var lögð fram tillaga um að minnisblaðið liggi milli funda og málið rætt aftur á næsta fundi.

Samþykkt.

Ólafur Reimar óskaði tvívegis eftir því að lengja fund, samþykkt.

Halla Gunnarsdóttir kom inn á fund að nýju að umræðum loknum.

10. Erindi frá styrkjanefnd – Geðhjálp vegna skjólshús

Fyrir fundinum lá skjalið „Styrkbeiðni frá Geðhjálp vegna skjólshúss“ til umræðu og afgreiðslu.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður styrkjanefndar VR, kynnti erindi frá Geðhjálp. Landssamtökin Geðhjálp stofnuðu nýverið félag um stofnun og rekstur skjólshúss fyrir fólk í tilfinningalegri krísu vegna andlegra áskorana. Um er að ræða nýtt úrræði þar sem boðið verður upp á skammtímadvöl í allt að tvær vikur, einstaklingum að kostnaðarlausu. Geðhjálp óskar eftir styrk að upphæð 10 m.kr. Kristjana sagði nefndina hafa ákveðið að vísa styrkbeiðninni til stjórnar í ljósi umfangs og upphæðar.

Umræður

Í umræðum kom fram ríkur vilji stjórnar að styrkja verkefnið, innan þess ramma sem styrkjanefnd hefur. Að umræðum loknum var lagt fyrir fundinn að styrkjanefnd skoði hvaða svigrúm nefndin hefur til að styrkja verkefnið, en rætt var um 20-30% af styrkbeiðninni.

11. Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir stöðu þessa máls sem rætt var á fundi stjórnar þann 14. janúar sl. Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna, sem stofnaður var árið 1867, hefur leitað til VR um að taka sjóðinn yfir. Upprunalegur tilgangur sjóðsins var að veita verslunarmönnum og fjölskyldum þeirra fjárhagslegan stuðning vegna veikinda og fráfalls. Með tilkomu almannatrygginga breyttist hlutverk sjóðsins og hefur hann undarna áratugi starfað sem líknarfélag og er elsta starfandi líknarfélag landsins.

Á janúarfundi stjórnar var formanni og framkvæmdastjóra falið að skoða málið áfram. Stefán sagði að aðilar hafi rætt saman um næstu skref sem m.a. feli þá í sér að stofnaður verður Styrktarsjóður verslunarmanna sem myndi sameina sjóðinn og styrkjanefnd VR. Sögu sjóðsins yrði þannig haldið á lofti sem og nafninu. Sjóðurinn hefði víðtækara umboð en núverandi styrkjanefnd og möguleika á að safna í sjóð.

Umræður

Í umræðum kom fram vilji hjá stjórn að vinna málið áfram á þessum grunni. Skrifstofu er falið að vinna drög að starfsreglum slíks sjóðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:50,